

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Slétthlíðinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Slétthlíðinga, Fellshreppi. Heimili þess og varnarþing er Fellshreppur, Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hrolleifsdalsá, Langalæk, Skálará, og Sléttuhlíðarvatni, en þær eru Glæsibær, Fell Tjarnir, Bræðraá, Kráksstaðir, Geirmundarhóll, afréttarland í Fellshr., (þar í talið Þverá og Klón, sem að hálfu er í einkaeign), Arnarstaðir I og Arnarstaðir II, Skálá, Hraun, Syðsti-Hóll (sameinaður Hrauni), Miðhóll og Keldur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár.

Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfundur skal halda fyrir 15. okt. ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Sektir renna í ríkissjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. apríl 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

27. apríl 1972.

Nr. 100.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Skorradalsvatns.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Skorradalsvatns. Heimili þess og varnarþing er í Skorradal, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Skorradalsvatni, Andakílsá, ofan Stíflu og Fitjaá, en þær eru Grund, Vatnsendi, Hvammur, Dagverðarnes, Stálpa-staðir, Háafell, Fitjar, Vatnshorn, Hagi, Stóra-Drageyri, Litla-Drageyri, Þrætueyri, Indriðastaðir, Bakkakot, Sarpur, Mófellsstaðir, Mófellsstaðakot, Horn, Efri-Hreppur, Mið- og Syðstu-Fossar, Hálsar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskveiði á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.